

GREINAGERÐ OG UMHVERFISSKÝRSLA

Almennt

Stefnt er að því að reisa litla fallvatnsvirkjun við Múlaá í Garpsdal í Reykhólahreppi. Virkjunin verður rennslisvirkjun án allrar miðlunar. Áformað er að aflsetja hana með því að taka mið af hámarksnýtingu meðalrennslis sem er 1,23 m^3/sek. Nýtanleg fallhæð verður 84 m og uppsett afl allt að 950 kW og framkvæmdin því tilkynningar skyld til Skipulagsstofnunar sbr. 3.22 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Deiliskipulagssvæðið er um 7 ha að flatarmáli á skilgreindu iðnaðarsvæði I4 í gildandi aðalskipulagi og framkvæmdasvæðið er um 4,5 ha.

Markmið

Megin markmið framkvæmdarinnar er að auka afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum sem er með því slakasta sem gerist á landinu. Ríkjandi ástand hefur í för með sér aukinn kostnað og dregur úr samkeppnishæfni sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Með fallvatnsvirkjun í Múlaá er stuðlað að hagkvæmri orkuvinnslu sem skila jákvæðum áhrifum á samfélagið en umhverfisáhrif er lágmörkuð eins og kostur er. Virkjun á þessu svæði hefur jákvæð kerfisáhrif og með henni er varaaflsframleiðsla með díselafli óþörf einnig verður hægt að fjarlægja loftlínur sem nú liggja frá Króksfjarðarnesi í Garpsdal.

Staðhættir

Garpsdalur er við norðanverðan Gilsfjörð í Reykhólahreppi og er á milli Garpsdalsfjalls og Múlafjalls. Stórigöltur skiptir Garpsdal í Garpsdalsrangala og Múlarangala rétt ofan við Garpsdalsvatn en þar sem Múlarangalaá og Garpsdalsrangalaá sameinast í Múlaá. Múlaá er í senn lindá og dragá og rennsli því jafnt á milli leysingatoppa. Áin skilur að lönd milli bæjanna Gilsfjarðarmúla og Garpsdals og er vatnasvið Múlaár við Garpsdalsveg um 24 km^2. Garpsdalsvatn er um 5,7 ha að flatarmáli, frekar grunnt eða um 85 cm þar sem það er dýpst. Fyrir ofan Garpsdalsvatn er votlendi sem hefur verið framræst með skurðum. Fyrir neðan Garpsdalsvatn eru miklir melar sem ná langleiðina til sjávar. Garpsdalsvegur þverar Múlaá og er áin þar leidd í gegnum stálrör. Fyrir neðan veg eru þónokkuð háir bakkar þar sem áin kastar sér niður á flatlendið.

Gildandi skipulag

Deiliskipulagstillaga þess er unnin á grundvelli breytingar á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 þar sem svæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði (I4) undir vatnsaflsvirkjun. Ekki er í gildi deiliskipulag á aðliggjandi svæðum.

Framkvæmdir

Um er að ræða rennslisvirkjun sem er virkjun án uppistöðulóns. Áformað er að aflsetja hana með því að taka mið af hámarksnýtingu meðalrennslis sem er 1,23 m^3/sek. Nýtanleg fallhæð verður um 84 m. Mannvirkjagerð og framkvæmdir felast í stöðvarhúsi, inntaksmannvirki, fallpípu á milli vatnsinntaks og stöðvarhúss, rafveitu (kapaltengingu í jörðu) að dreifikerfi, fjarskiptastreng (nettenging), lagfæringu á vegslóðum að inntaksmannvirki og stöðvarhúsi, aðveitu að nntaksmannvirki og frárennslisskurði frá stöðvarhúsi út í Múlaá. Orkubú Vestfjarða annast tengingu virkjunarinnar við raforkuverið með lagningu jarðstrengs frá Króksfjarðarnesi að spennistöð sem verður hluti af stöðvarhúsi virkjunarinnar.

Orkubú Vestfjarða mun sjá fyrir tengingu við raforkukerfið með streng frá Króksfjarðarnesi í spennistöð sem verður í stöðvarhúsi virkjunarinnar. Í stöðvarhúsinu mun Orkubúið koma fyrir millispenni þar sem ekki er ráðgert að þrífösun nái lengra. Bæði raforku og fjarskiptastrengir eru á höndum Orkubúsins sem hefur nú þegar plægt jarðstreng og ljósleiðara að bænum Garpsdal og áætlar að plægja streng að stöðvarhúsinu.

Aðkoma

Aðkoma að svæðinu er af Garpsdalsvegi (620) eftir núverandi slóðum, bæði upp eftir dalnum og niður á láglendi í átt til sjávar. Slóðinn sem liggur niður af veginum verður nýttur sem aðgengi að stöðvarhúsi en ekki er gert ráð fyrir að brúa ánna heldur farið yfir á núverandi vaði. Þegar komið er yfir ánna er gert ráð fyrir stuttri heimreið að stöðvarhúsinu. Núverandi vegslóðar verða lagfærðir ef þörf er á. Ekki er um nýlagningu vega að ræða.

Efnistaka

Efnisþörf framkvæmdarinnar er helst efni sem notað er við þjöppun við fallpípu í skurð og við hugsanlegar lagfæringa á vegslóðum. Þar sem fallpípan er að mestu grafin í mel þá nýtist uppgröfturinn og efnisþörf því lítil en áætlað er að sækja efni í námu í Garpsdal (E1) ef þörf krefur.

Mannvirki

Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti og eru stærðir lóða skráðar. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gert grein fyrir lóðamörkum, málsetningu lóða og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblaðið.

Stöðvarhús ásamt spennistöð allt að 70 m^2 hús neðan við Garpsdalsveg (602) í um 60-70 m frá sjó. Hámarks hæð allt að 4 m. Útlit og litur húss skal vera látlaust. Í húsinu verður allur vélbúnaður ásamt spennistöð auk búnaðar við rekstur á raforkukerfi sveitarinnar í Gilsfirði. Ekki er gert ráð fyrir neinni aðstöðu sem kallar á fráveitu skólps, neysluvatni eða salernisaðstöðu. Húsið verður fellt að umhverfi eins og kostur er. Lóðarstærð 256 m^2, nýtingarhlutfall innan lóðar 0,3.

Inntaksmannvirki og safnþró verða norður af Garpsdalsvatni í um 85 m y.s., niðurgrafin, mannvirkið mun þó standa að hluta upp fyrir aðliggjandi land, hæst um 2 m. Vatnsrennsli að inntaksmannvirki er meira en áætlað nýting og mun umframvatn renna um yfirfall í núverandi farveg að Garpsdalsvatni. Ekki eru um að ræða miðlun né lón. Sýnileiki mannvirkisins er lítill og það fyrirferðarlítið í umhverfinu. Lóðarstærð 256.

Fallpípa frá inntaksmannvirki verður öll niðurgrafin um 2.200 m að lengd frá inntaksmannvirki að stöðvarhúsi. Við lagningu pípunnar verður grafinn skurður að meðaltali um 2,2 m á dýpt, skurðurinn verður fleyglaga til þess að forðast hrun, unnið verður jöfnum höndum við gröft, lagningu og frágang. Fallvatnspípan mun vera við vegslóðann og rask þá lágmarkað vegna framkvæmdarinnar.

Aðveita er áætluð að inntaksmannvirki frá vatnslindum austan megin í Garpsdal, í hlíðum Múlafjalls. Áætlað er að skurðurinn verði um 300 m langur, 80 cm djúpur, 50 cm breiður í botninn og um 150 cm í toppinn. Dýpt skurðarins er höfð lítil þar sem einungis er verið að beina yfirborðsvatni úr vatnslindunum að inntaksmannvirkinu. Á því svæði sem aðveitan mun liggja yfir er í dag framræst votlendi á um 13-15 ha landsvæði en við framkvæmd við aðveituna mun votlendi á svæðinu verða endurheimt með því að loka núverandi framræsluskurðum og stuðla þar með að jafnvægi á vatnakerfi svæðisins. Með aðveitu er ekki verið að sækja vatn í votlendi.

Frárennsli frá stöðvarhúsi út í farveg Múlaár verður um 70 m en grafinn verður grunnur farvegur frá stöðvarhúsinu að ánni. Farvegurinn verður um 2,2 m á breidd og um 30-40 cm djúpur, áætlað magn efnis er um 60 m^3. Það efni, ármöl, sem til fellur við framkvæmd na verður borið í vegslóða frá vaði að stöðvarhúsi.

Leggja skal áherslu á að koma mannvirkjum haganlega fyrir í umhverfinu og við frágang jarðvinnu skal leitast við að afmá ummerki framkvæmdarinnar.

Umhverfisþættir

Náttúrustofa Vestfjarða vann rannsókn í Garpsdal 2018, í tengslum við virkjanaáform í dalnum þar sem gerð var fornleifakönnun og þeir náttúrufarslegu þættir er hugsanlega geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna skoðaðir.

Vatn og votlendi

Garpsdalsrangalaá og Múlarangalaá renna niður í Garpsdal og sameinast í Múlaá sem rennur í Garpsdalsvatn og þaðan til sjávar. Garpsdalsvatn er um 9,7 ha að flatarmáli og 85 cm þar sem það er dýpst. Norðan Garpsdalsvatns er framræst votlendi á um 13-15 ha svæði. Landið í Garpsdal er mjög lekt og í dalnum eru ótal vatnsuppsprettur sem renna í lænum og lækjum um svæðið. Á framkvæmdartíma má gera ráð fyrir einhverju raski sem mögulega hefur neikvæð áhrif en þau áhrif eru tímabundin. Ekki er verða neinar framkvæmdir við Garpsdalsvatn né við Múlaá þar sem hún rennur frá vatninu til sjávar. Áhrif endurheimt votlendis munu tímabundið vera neikvæð meðan á framkvæmdum stendur en jákvæð til framtíðar.

Gróður

Gróðurfar svæðisins einkennist af graslendi, melum og framræstu landi. Gerðar voru rannsóknir á svæðinu af NV 2018 og fundust um 74 villtar íslenskar tegundir háplantna á svæðinu. Engin planta á válista fannst á svæðinu. Á Garpsdalsmelunum var mjög fjölbreyttur gróður en þekja grasa var ekki heil en hluti melsins hefur verið grædduar upp og þar var þekjan fremur gisin. Vestan við Garpsdalsvatn var hálfdeigja með grósum og störum og meðfram Múlaánni framan við vatnið voru mýrarflákar með klófífu. Á framræsta landinu var mest hreint graslendi. Rask á gróðursvæðum er lítið og einungis á framkvæmdartíma, gróður ætti að vera fljótur að jafna sig eftir að framkvæmdum líkur.

Dýralíf

Fiskar og smádýr

Gerðar voru athuganir á fiskum og smádýrum með sýnatökum í Múlaá og í Garpsdalsvatni 2017. Samkvæmt niðurstöðum er ekki talið að mikill fiskur sé í Garpsdalsvatni en við rannsókn á vatninu fundust einungis nokkrar smávaxnar, líklega ófrjóvgaxnar bleikjur. Foss Múlaár er ekki fiskgengur en botngerð árinnar virðast hagstæð fyrir hrygningu og uppvöxt laxfiska. Veiði hefur ekki verið stunduð í ánni og engar veiðitölur til. Sex hópar smádýra greindust í svifsýnum sem tekin voru í Garpsdalsvatni og 13 hópar í Múlaá. Rykmýslirfur voru algengastar bæði í vatninu og í ánni. Múlaá er fiskgeng á um 220 m kafla en fossarnir eru ekki fiskgengir. Frárennsli mun vera eins náleagt brekkunni eins og mögulegt er og mun því fiskgengi hluti ekki styttast nema að litlu leyti.

Fuglar

Dýralíf svæðisins einkennist af fuglalífi sem er þó minna en ætla mætti og sýndi rannsókn sem gerð va á fuglalífi svæðisins að um 6 tegundir fugla hafa orpið á svæðinu en 16 tegundir sáust á þeim tíma sen rannsóknin fór fram. Fram kemur í skýrslunni að heppilegast sé að vinna við framkvæmdir næst vatninu utan varptíma. Engir friðlýstir fuglar eða metnir í hættu, samkvæmt válista NÍ 2018 fundust á svæðinu.

Það vatnsmagn sem rennur efst í Múlaá mun minnka en ekki er gert ráð fyrir að yfirborð Garpsdalsvatns lækki eða Múlaá þorni alveg upp á neinum tímapunkti hvorki á framkvæmdar né á rekstrartíma enda ógerlegt að sækja allt það vatn sem um svæðið rennur. Áhrif framkvæmdarinnar á fugla og dýralíf eru að þessu gefnu óveruleg.



Hluti af staðfestu aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018 m.s.br., mkv. 1:100.000.

SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- Framkvæmdarsvæði
- Lóð
- Byggingarreitur
- Vegslóði
- Fallvatnspípa
- Aðveita
- Frárennsli

Fornleifar
Samkvæmt könnun NV 2018, fundust engar minjar þar sem inntak, fallpípa og stöðvarhús eru fyrirhuguð.
Aðrir umhverfisþættir
Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi en skilgreiningin nær yfir allt land lögbýla sem nýtt er til landbúnaðar neðan 200 m y.s. Svæðið hefur ekki verið nýtt til ræktunar, beitar né annarra þátta sem fallið geta undir landbúnað enda einkennist það af miklum melum, lítt grónum og framræstu votlendi. Engar sérstakar jarðmyndanir eru á svæðinu en neðan vegar er gil þar sem áin fellur í fossum niður á láglendið. Áhrif virkjunarinnar á svæðið er takmörkuð, breytt landnotkun hefur ekki áhrif á landnýtingu á svæðinu né á aðliggjandi svæðum. Framkvæmdir og mannvirki eru lítt sýnileg að undan skyldu stöðvarhúsi sem standa mun lágt í landi, neðan Garpsdalsvegar, og áhrif þess á landslag og ásýnd takmörkuð. Samfélagsleg áhrif eru jákvæð og stuðla að raforkuöryggi í sveitarfélaginu og styrkja möguleika til reksturs fyrirtækja sem getur haft jákvæð áhrif á þróun íbúafjölda á svæðinu, sem hefur átt undir högg að sækja síðustu ár.
Niðurstöður
Áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufarslegaþættti eru óveruleg ir í öllum liðum að því gefnu að framkvæmdir næst vatninu fari fram utan varptíma þó má gera ráð fyrir að breyting verði á gróðurfari við svæðið í kjölfar endurheimt votlendis. Lífriki vatnsins og árinnar einkennist af smádýrum og áhrif lítil sem engin þar sem ekki er gert ráð fyrir að vatnið eða áin þorni upp á neinum tímapunkti. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélag með auknu raforkuöryggi og sterkari rekstrargrundvelli fyrirtækja.

Kynning og samráð

Tillagan verður auglýst og kynnt fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2000. Ekki var unnin lýsing fyrir deiliskipulagstillöguna þar sem gerð var grein fyrir öllum forsendum í breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 og lýsing hennar var auglýst 19. sept. til 31. okt. 2019.

Helstu umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun.
- Umhverfisstofnun.
- Náttúrufræðistofnun Íslands.
- Orkustofnun.
- Minjastofnun Íslands.
- Fiskistofa.
- Breiðafjarðarnefnd.
- Orkubú Vestfjarða.
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.
- Veðurstofa Íslands.

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd þann _____ 2020 og í sveitarstjórn þann _____ 2020.

Tillagan var auglýst frá_____ 20____ með athugasemdafresti til _____ 20____ .

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2020.

BR.	DAGS.	BREYTING	TEIKN.

REYKHÓLAHREPPUR

SAMÞYKKTIÐ SÁ TEIKNUÐ/LAGÐ: SEE REYKHOLAHREPP. SÍMI: 430-3200

LANDMÓTUN ehf. HAMRABORG 12 – 200 KÓPAVOGUR - S: 575 5300 - KT. 561204-2760 NETF: landmotun@landmotun.is

DEILISKIPULAGSTILLAGA

DEILISKIPULAG FYRIR GALTARVIRKJUN Í GARPSDAL

DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR	SKIPULAG: MÓ, DG TEIKNAÐ: HMR SAMÞYKKT: KT.
KVARÐI: 5000 - A1	KÓPAVOGUR DAGS: 20.1.2019
VERKNR.: 4502-DA1901	TEIKN. NR.: 01 BR.